

Mál nr. 231/2010

M

og

Vátryggingafélagið X v/sumarbústaðatryggingar

Vatnstjón í mars 2010 í sumarbústað.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 05.08. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.08. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Heitavatnslögn í sumarhúsi M að Hellu sprakk þann 24.03. 2010 með þeim afleiðingum að heitt vatn flæddi um húsið.

Vátryggingafélagið hafnar bótagreiðslu. Það telur að frágangi lagna fyrir heitt- og kalt neysluvatn svo og ofnagnir hafi ekki verið í samræmi við góðar venjur og að varúðarreglu vátryggingarskilmála hafi ekki verið fylgt auk þess sem ekki hafi verið haft samband við félagið þegar vatnslagnir voru lagðar. Félagið telur neysluvatnslagnir þær lagnir sem flytja vatn sem er hæft til neyslu sbr. umfjöllun félagsins í bréfi til nefndarinnar, dags. 11.08. 2010. Í nefndri varúðarreglu kemur fram að skilyrði fyrir bótagreiðslu vegna tjóns sem verður á tímabilinu 1. október til 30. apríl er að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi neysluvatnslagna og þær ásamt viðtengdum tækjum séu tæmdar.

Við skoðun tjónamatsmanna hafi komið í ljós að vatnslagnir hafi ekki uppfyllt lágmarksköfur um frostþol. Félagið telur að tjónsatburð máls þessa megi rekja til þessa og hafnar bótaskyldu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum vanrækti M varúðarreglu vátryggingarskilmála á þann veg að bótaréttur fellur niður sbr. og 26. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 14. september 2010

Rúnar Guðmunsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.